

**Nd.**

**158. Nefndarálit**

[36. mál]

um frv. til laga um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á þremur fundum. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og Hönnun h/f. Komu skriflegar umsagnir frá þeim öllum. Einnig fékk nefndin umsögn frá Náttúruverndarráði.

Nefndin flytur breytingartillögu við 2. grein frv. á sérstöku þingskjali.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Fjarverandi voru Ingvar Gíslason og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 16. des. 1974.

Ingólfur Jónsson,  
form., frsm.

Lárus Jónsson,  
fundaskr.

Magnús Kjartansson,  
með fyrirvara.

Þórarinn Þórarinsson.

Benedikt Gröndal.